

**Mál nr. 268/2021****M og  
V v/ ábyrgðartryggingar X****Slys við ljósmyndanám 26. janúar 2019.****Gögn.**

Málskot, dags. 5. júlí 2021.

Bréf V dags. 7. september 2021.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram M kveðst hafa verið í tíma í námi sínu hjá X þegar hún var að taka ljósmynd úr ákveðinni skolaðstöðu. Sú aðstaða er þannig að hún þarf að opna hlera og féll hann á höfuð hennar með þeim afleiðingum að hún hlaut högg á höfuðið og var greind með heilahristing í kjölfarið.

M telur að sá búnaður sem X var með til að skola ljósmyndir hafi verið hættulegur þar sem hleri sem þurfti að opna hafi verið þungur og fyrirhafnarlítið hefði verið að tryggja fullnægjandi viðvaranir og aðbúnað, með því t.d. að setja keðju á hlerann eða pumpu sem kæmi í veg fyrir að hlerinn skelltist eins hratt niður og hann gerði þegar M slasaðist. M bendir einnig á að X hafi sett keðju á hlerann eftir slys hennar og eftir það einnig varað við honum sérstaklega við nemendur. Einnig bendir M á að nemendum hafi ekki verið kynntar umgengnisreglur um tæki og aðbúnað með fullnægjandi hætti og vitnar um það til bréfs samnemanda síns. M vísar auk þess til þess sem kemur fram í tölvupóstsamskiptum hennar við starfsmenn skólans að öryggisbúnaður hafi ekki verið kynntur eða notaður með fullnægjandi hætti.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar því á bug að aðstæður og aðbúnaður við hlera að skólrymi hafi verið ófullnægjandi eða aðstæður sérstaklega hættulegar. V vísar til þess að heilbrigðiseftirlit og byggingarfulltrúi komi reglulega til eftirlits í húsnæði X og hafi ekki gert athugasemdir við aðstöðu nemenda. Nemendur sjálfir í gegnum tíðina hafi heldur ekki gert athugasemdir við það vinnurými sem M slasaðist í. V bendir á að þó keðja hafi verið sett í hlerann þurfi hana ekki til ef festing á hleranum er notuð með réttum hætti. V telur að M hafi mátt verið aðstæður á vettvangi ljósar, hún hafi unnið með búnaðinn áður og að allar öryggisráðstafanir hafi verið gerðar af hálfu starfsmanna X og slys M því ekki rakið til saknæmrar háttsemi þeirra né annarra aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á.

**Álit.**

Af gögnum málsins, þ.m.t. myndum af skolaðstöðu þeirri sem M var að vinna við þegar hún slasaðist, verður ekki ráðið að aðstæður hafi verið bersýnilega hættulegar eða þannig að X hafi borið að búa öðruvísi um þær. Hlerann sem féll á höfuð M var hægt að festa m.v. skýringar og myndir og ekki hefur verið sýnt fram á af hálfu M að slík festing hafi verið í ólagi eða búnaður vitanlega í ólagi. Verður ekki fallist á að almennt álit samnemanda M við skólann eftir slysið um öryggismál í skólanum almennt séu næg sönnunargögn til að sýna að starfsmenn hans hafi sýnt saknæma háttsemi sem leiddi beinlínis til slyss M sem á skv. þessu ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

**Niðurstaða.**

Tjón M er ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 12. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.